

GREINARGERÐ STJÓRNAR SKELJUNGS HF. VEGNA YFIRTÖKUTILBOÐS STRENGS HF TIL HLUTHAFA SKELJUNGS HF.

Hinn 8. nóvember sl. tilkynntu félögin RES 9 ehf., kt. 590318-0940 („**RES 9**“), 365 hf. kt. 480702-2390 („**365**“) eða dótturfélag í eigu 365 og RPF ehf., kt. 510108-1160 („**RPF**“) (sameiginlega nefndir „**samstarfsaðilar**“) um að frá og með þeim degi væri komið á samstarf milli þeirra í skilningi 1. og 2. mgr. 100. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 („**vvl.**“) er varðar hlutabréf, útgefin af Skeljungi hf. kt. 590269-1749 („**Skeljungur**“). Í tilkynningunni kom fram að samstarfsaðilar hefðu gert með sér samkomulag um að leggja eignarhluti sína í Skeljungi til Strengs ehf., kt. 410920-1230 („**Strengur Holding**“). Þar sem sameiginleg eign samstarfsaðilanna í Skeljungi fór umfram 30% myndaðist yfirtökuskylda, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 100. gr. vvl., og samstarfsaðilunum því skylt að gera öllum hluthöfum Skeljungs yfirtökutilboð til samræmis við X. kafla vvl.

Í samræmi við framangreint birtu samstarfsaðilarnir opinbert tilboðsyfirlit sitt vegna yfirtökutilboðs Strengs hf., kt. 411020-1500 („**Strengur**“ eða „**tilboðsgjafi**“) sem er dótturfélag Strengs Holding 6. desember sl. þar sem fram komu þær upplýsingar sem krafist er í 113. gr. vvl. Hinn 15. desember sl. birti Strengur opinberlega spurningar sem félaginu hafði borist vegna tilboðsyfirlitsins og svör þess við þeim spurningum. Tilboð Strengs gildir í fjórar vikur, frá kl. 9:00 hinn 6. desember 2020 til kl. 16:00 þann 4. janúar 2021 og hljóðar upp á krónur 8,315 fyrir hvern hlut í Skeljungi, kvaða- og veðbandalausán. Við útgáfu tilboðsyfirlitsins fóru Strengur og tengdir aðilar með eignar- og atkvæðisrétt fyrir samtals 754.639.578 hlutum í Skeljungi eða sem samsvarar 38,0% af heildarhlutafé Skeljungs, eða 38,98% af útistandandi hlutum, þegar tekið hefur verið tillit til hluta í eigu Skeljungs sjálfs.

Samkvæmt 5. og 6. mgr. 104. gr. vvl. skal stjórn félags sem tilboð tekur til semja og gera opinbera sérstaka greinargerð þar sem fram kemur rökstutt álit stjórnarinnar á tilboðinu og skilmálum þess. Í greinargerðinni skal einnig fjallað um álit stjórnarinnar á framtíðaráformum tilboðsgjafa og hvaða áhrif hún telur að tilboðið geti haft á hagsmuni félagsins, störf stjórnenda og starfsmanna þess, sem og staðsetningu starfsstöðva félags.

Stjórn Skeljungs hefur nú samið og samþykkt eftirfarandi greinargerð þar sem vikið er að ofangreindu. Í stjórn Skeljungs sitja Jón Ásgeir Jóhannesson, Birna Ósk Einarsdóttir, Þórarinn Arnar Sævarsson, Elín Jónsdóttir og Dagný Halldórsdóttir. Þeir Jón Ásgeir og Þórarinn Arnar eiga hagsmuna að gæta í skilningi 6. mgr. 104. gr. vvl. vegna yfirtökutilboðsins. Þeir tóku því ekki þátt í að semja greinargerð þessa.

Inngangur

Samstæða Skeljungs samanstendur að meginstefnu til af tveimur rótgrónum rekstrarfélögum með yfir 90 ára rekstrarsögu, Skeljungi og færeyska dótturfélaginu P/F Magn. Skeljungur þjónustar yfir 60 þúsund viðskiptavinum í héraðs og í Færeyjum og hefur meginhlutverk félagsins verið að þjóna orkuþörf einstaklinga og fyrirtækja á hagkvæman og öruggan máta í sátt við umhverfi sitt. Til viðbótar stundar Skeljungur fjölbreytta smásöluverslun á neytendamarkaði.

Samkvæmt 9 mánaða uppgjöri Skeljungs 2020 kom 62% af framlegð samstæðunnar frá rekstrinum á Íslandi en 38% framlegðarinnar kom frá rekstrinum í Færeyjum. EBITDA hagnaður samstæðunnar fyrir sama tímabil myndaðist í jöfnun hlutföllum á Íslandi og í Færeyjum. Áhrif COVID 19 faraldursins voru minni á rekstur samstæðunnar í Færeyjum en á íslensku félög samstæðunnar.

Skeljungur á níu dótturfélög: sjö á Íslandi (Bensínorkan ehf., Íslenska vetnisfélagið ehf., Tollvörugeymsla Skeljungs ehf., Barkur ehf., 26 fasteign ehf., Langholt ehf. og Basko ehf.) og tvö í Færeyjum (P/F Magn og P/F Demich). Til viðbótar á Skeljungur hlut í níu hlutdeildarfélagum: EAK ehf. (33%), EBK ehf. (25%), Fjölver ehf. (25%), Vegsauki ehf. (50%), Wedo ehf. (34%), P/F Jarðhiti (20%), Brauð&Co ehf. (25%), Lyfsalinn ehf. (10%) og Gló ehf. (25%).

Tilboðsverð og skilmálar


Yfirtökutilboðsskylda samstarfsaðilanna myndaðist 8. nóvember sl. þegar tilkynnt var um samstarf samstarfsaðilanna og yfirfærslu þeirra á hlutum í Skeljungu í þeirra eigu til Strengs. Með yfirtökutilboði sínu eru samstarfsaðilar því að bregðast við lagaskyldu sem á þeim hvílir samkvæmt 100. gr. vvl.

Samkvæmt 2. mgr. 103. gr. vvl. skal verð það sem sett er fram í yfirtökutilboði að minnsta kosti svara til hæsta verðs sem tilboðsgjafi eða aðilar sem hann er í samstarfi við hafa greitt fyrir hluti sem þeir hafa eignast í viðkomandi félagi síðustu sex mánuði áður en tilboð var sett fram. Tilboðsverð skal þó að lágmarki vera jafnhátt og síðasta viðskiptaverð hluta í viðkomandi félagi daginn áður en tilboðsskylda myndaðist eða tilkynnt var um fyrirhugað tilboð.

Tilboðsverð tilboðsgjafa hljóðar upp á krónur 8,315 fyrir hvern hlut í Skeljungu. Samkvæmt tilboðsgjafa svarar tilboðsverðið til hæsta verðs sem Strengur og samstarfsaðilar hafa greitt fyrir hluti í Skeljungu síðustu sex (6) mánuði áður en tilboðsskylda myndaðist. Þá er tilboðsverðið hærra en síðasta viðskiptaverð sem skráð var á Nasdaq Iceland síðasta viðskiptadag áður en tilkynnt var um fyrirhugað tilboð en á þeim degi nam verð hlutabréfa Skeljungs 7,8 krónum á hlut. Að þessu gefnu er tilboðsverð tilboðsgjafa það lægsta sem rúmast innan ákvæða vvl. um lágmarksverð.

Markaðsverð hlutabréfa Skeljungs hefur verið á bilinu 7,00 til 10,17 krónur á hlut það sem af er árinu 2020. Í byrjun árs hækkaði gengið nokkuð þar til það náði hápunkti, 10,17 kr á hlut, þann 19. febrúar. Frá þeim degi lækkaði gengi bréfanna nokkuð skarpt samhliða almennum lækkunum á hlutabréfamörkuðum í kjölfar fregna af útbreiðslu COVID 19.

Dagslokagengi frá áramótum*




Heimild: Kodiak

*Dagslokagengi frá áramótum og til arðleysisdags (6. mars 2020) hefur verið leiðrétt fyrir arðgreiðslu (0,28 kr./hlut)

Markaðsverð hlutabréfanna var í lágsta gildi ársins upp úr miðjum mars þegar fyrsta bylgja COVID 19 heimsfaraldursins skall á Íslandi. Þannig áttu sér stað nokkur viðskipti á genginu 7,00 kr. á hlut á tímabilinu 16.- 27. mars. Á vordögum hækkaði gengi hlutabréfa félagsins nokkuð þó það hafi ekki náð þeim hæðum sem það var í snemma á árinu. Samhliða hertum samkomutakmörkunum á haustmánuðum vegna fjölgunar COVID 19 smita á Íslandi lækkaði gengi hlutabréfanna á nýjan leik. Í kjölfar jákvæðra fregna af þróun bóluefna við COVID 19 og þess að tilkynnt var um yfirtökutilboð tilboðsgjafa hækkaði gengi hlutabréfanna á nýjan leik og hefur frá þeim tíma verið nokkuð yfir tilboðsverðinu. Hækkun undanfarnar vikur er í samræmi við almenna hækkun markaða í kjölfar jákvæðra fréttanna af þróun bóluefna.

Gengi Skeljungs og Úrvalsvísitala OMX110 frá áramótum (2. jan = 100)



Heimild: Kodiak

— SKEL — OMX110

Stjórn vekur athygli á því að markaðsverð hlutabréfa Skeljungs við lok síðasta viðskiptadags áður en greinargerð þessi var samþykkt, var 8,56 krónur á hlut, eða um 0,25 kr. hærra en tilboðsverðið.

Samkvæmt tilboðsyfirlitinu verður tilboðsverðið greitt í reiðufé eigi síðar en fimm (5) viðskiptadögum eftir að gildistími yfirtökutilboðsins rennur út eða í síðasta lagi 11. janúar 2021. Kaup tilboðsgjafa samkvæmt tilboðinu verða fjármögnuð með eiginfjárframlagi sem og lánsfé. Þá ábyrgjast Íslandsbanki og Arion banki greiðslu reiðufjár til hluthafa sem samþykkja tilboðið. Greiðsluskilmálar tilboðsins eru því eðlilegir og fullgild ábyrgð á greiðslu liggur fyrir í samræmi við ákvæði 5. mgr. 103. gr. vvl.

Framtíðaráform tilboðsgjafa og áhrif þess á félagið

Í tilboðsyfirlitinu lýsir tilboðsgjafi þeirri skoðun sinni að rekstrarumhverfi Skeljungs komi til með að taka grundvallarbreytingum á næstu árum. Vegna þessa hefur tilboðsgjafi uppi áætlanir um hagræðingu og breytingar á kjarnastarfsemi félagsins. Í því skyni er vísað til þess að tækifæri til innri vaxtar séu takmörkuð og því þurfi að styrkja rekstur Skeljungs með kaupum á rekstrareiningum sem skapa samlegð. Þá upplýsir tilboðsgjafi að hann stefni að sölu lóða, fasteigna og rekstrareininga ásamt hagræðingu starfsstöðva sem ekki falla að framtíðar kjarnastarfsemi félagsins við fyrsta tækifæri þegar aðstæður leyfa. Þá er þeirri skoðun tilboðsgjafa lýst að hann telji litla samlegð vera á milli starfsemi Skeljungs á Íslandi og í Færeyjum sem gæti leitt af sér sölu einstakra rekstrareininga í öðru eða báðum löndum. Framundan séu því óumflýjanlega breytingar hjá Skeljungi að mati tilboðsgjafa. Þessi afstaða tilboðsgjafa er ítrekuð í svörum hans sem birt voru 15. desember sl. þar sem fram kemur meðal annars að Strengur sjái fyrir sér að félagið verði smærra í sniðum og eignaléttara og leitað verði leiða til að víkka tekjugrunn félagsins, meðal annars með því að horfa til tækifæra á neytendamarkaði með hliðsjón af bættri nýtingu þeirra starfsstöðva sem félagið mun ekki leggja af. Þá kemur fram í svörum tilboðsgjafa að leitast verði við að einfalda ákvarðanatöku innan félagsins, einfalda stjórnskipulag, fækka millilögum og koma á kaupaukakerfi fyrir lykilstarfsmenn.

Þá er í svörum tilboðsgjafa við spurningum hluthafa komið inn á að sala og/eða aflagning rekstrareininga muni líklega hafa áhrif á starfsmenn þar sem störf munu ýmist fylgja hinum seldu einingum til kaupenda eða verða lögð niður samhliða aukinni úthýsingu. Þá sé horft til þess af tilboðsgjafa að nýta sjálfvirknivæðingu til að auka hagræði í rekstri og að selja einstaka starfsstöðvar með önnur not í huga og leitað verði hagræðingar í húsnæðiskostnaði.

Til viðbótar er í tilboðsyfirliti upplýst af hálfu tilboðsgjafa að endurgreiðsluferill lána tilboðsgjafa vegna tilboðsins geri ráð fyrir sölu lóða, fasteigna og rekstrareininga Skeljungs á næstu misserum og í því tilliti er jafnframt gert ráð fyrir að fjármunum verði í auknu mæli úthlutað til hluthafa með arðgreiðslum eða lækkun hlutafjár félagsins, og þar með minnki efnahagsreikningur félagsins.

Ennfremur fyrirhugar tilboðsgjafi að skrá hlutabréf Skeljungs af aðallista Nasdaq Iceland þar sem hann sé á þeirri skoðun að Skeljungi sé betur borgið utan skipulegs verðbréfamarkaðar.

Að framangreindu virtu má augljóst vera að nái áætlanir tilboðsgjafa fram að ganga má vænta töluverðra breytinga á starfsemi Skeljungs. Í því skyni má vænta þess að eignir verði seldar og uppsetning samstæðunnar taki breytingum. Breytingar þessar munu eflaust hafa áhrif á hagsmuni félagsins. Þannig muni tekjusamsetning samstæðunnar breytast auk þess sem áhætta í rekstri félagsins verði önnur. Þá er viðbúið að við sölu eigna, minni efnahagsreikning, fækkun starfsstöðva og vegna annarra fyrirhugaðra hagræðingaraðgerða sem tilboðsgjafi lýsir, muni starfsmönnum félagsins fækka og samsetning starfsliðs taka breytingum. Hið sama gildir um

almenna starfsmenn og stjórnendur í því sambandi. Af þessu leiðir þá einnig að starfsstöðvum Skeljungs geti fækkað og þær færst til.

Sú staðreynd að endurgreiðsluferill lána tilboðsgjafa gerir ráð fyrir sölu eigna félagsins kann mögulega að skapa þrýsting á slíkar sölugjafi þannig að hægt sé að greiða fjármuni út úr félaginu. Tilboðsgjafi tekur þó fram í svörum við spurningum hluthafa að tímasetning og umfang slíkra útgreiðslna muni ráðast af árangri í eignasölu og stöðu á handbæru fé innan félagsins hverju sinni.

Við framangreint bætist að verði af afskráningu hlutabréfa félagsins af skipulegum verðbréfamarkaði mun seljanleiki hlutabréfa Skeljungs dvína. Slíkt kann eðli máls samkvæmt að hafa neikvæð áhrif á verð og verðmyndun hlutabréfanna. Á hinn bóginn myndi afskráning lækka kostnað félagsins og kann að leiða til þess að félaginu verði kleift að taka ákvarðanir með skjótari hætti en nú.

Afstaða þeirra stjórnarmanna sem eiga hlutabréf í Skeljungu til tilboðsins

Svo sem greinir að framan eru stjórnarmennirnir Jón Ásgeir Jóhannesson og Þórarinn Arnar Sævarsson tengdir tilboðsgjafa og koma því að tilboðinu.

Af þeim þremur stjórnarmönnum sem komu að samningu greinargerðar þessarar er Dagný Halldórsdóttir sú eina sem á hlutabréf í Skeljungu. Þá eiga engir aðilar sem eru fjárhagslega tengdir stjórnarmönnum hlutabréf í Skeljungu. Dagný mun ekki samþykkja tilboðið.

Álit starfsmanna

Starfsmönnum Skeljungs var boðið að veita álit sitt á yfirtökutilboðinu. Stjórninni barst ekkert slíkt álit.

Að framangreindu virtu má ljóst vera að breytinga er að vænta á starfsemi Skeljungs nái áætlanir tilboðsgjafa fram að ganga. Stjórn Skeljungs er ómögulegt að leggja sérstakt mat á það hvort vænlegt sé fyrir einstaka hluthafa að samþykkja tilboðið eða hafna því enda afstaða og eðli hluthafa með margvíslegum hætti. Vegna þess verður hver og einn hluthafi að meta með sjálfstæðum hætti tilboðsverð tilboðsgjafa og hvort fyrirhugaðar breytingar og áhrif þeirra séu hagfelldar fyrir Skeljung og í samræmi við afstöðu hvers og eins hluthafa. Við mat þetta beinir stjórnin því til hluthafa að kynna sér tilboðsyfirlit tilboðsgjafa og svör hans við einstaka spurningum hluthafa gaumgæfilega og eftir atvikum leita sér sérfræðiráðgjafar áður en tekin er afstaða til tilboðsins.

Í tilboðsyfirliti tilboðsgjafa er að finna samantekt á tilkynningum sem Skeljungur hefur birt í fréttakerfi Nasdaq Iceland og á vef sínum á tímabilinu frá 1. janúar 2020 og til og með þess dags sem tilboðsgjafi lýsti yfir að hann myndi leggja tilboðið fram. Hluthafar eru einnig hvattir til að skoða tilkynningar Skeljungs sem birtar hafa verið á sömu stöðum frá og með 9. nóvember 2020.

Reykjavík, 21. desember 2020



Birna Ósk Einarisdóttir



Elín Jónsdóttir



Dagný Halldórsdóttir